

Íbúaráð Breiðholts 4. október 2023: Fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um aðkomu sorp- og neyðarbíla við Kötlufell:

Formanni barst erindi frá íbúa búsettan við Kötlufell en borið hefur ítrekað á því að bílum sé lagt í aðkeyrslu, sem er á borgarlandi, að bílplani þriggja stigaganga þannig að sorp- og neyðarbílar eiga erfitt um vik að komast inn á bílplanið sjálft. Vill ráðið spyrjast fyrir hvort hægt sé að koma upp bráðabirgðamerkingum til að tryggja umferð neyðarbíla að bílplaninu þar til ný reglugerðarbreyting um umferðarmerki og notkun þeirra verður tilbúin, eftir atvikum koma með leiðbeinandi lausnir fyrir íbúa sem búa við Kötlufell til að tryggja aðgengi sorp- og neyðarbíla að bílplaninu.